

## **Fjölbrautaskóli Snæfellinga**

### **Fundargerð 34. fundur skólanefndar**

**23. október 2007**

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Ólína Kristinsdóttir, Eyþór Benediktsson, Sigríður Finsen, Björg Ágústsdóttir, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Hreinn Þorkelsson áheyrnarfulltrúi kennara, Gísli Valur Arnarsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fundarritari.

#### **1. Fundur settur**

Kjartan Páll setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

#### **2. Úttektarskýrsla menntamálaráðuneytis**

Helstu niðurstöður skýrslu Ásrúnar Matthíasdóttur og Trausta Þorsteinssonar teknar fyrir. Niðurstöður skýrslunnar í megindráttum mjög ánægjulegar fyrir FSN. Nauðsynlegt að vinna úr þeim atriðum sem koma fyrir í skýrslunni og nýta á jákvæðan hátt. Líta á skýrslu þessa sem tækifæri til þess að taka lengra enda gott mat á skólanum og starfsemi hans. Þessa úttekt er hægt að nota við frekari stefnumótunarvinnu og móta skýra framtíðarsýn. Þeir hnökror sem bent er á í skýrslunni teknir sérstaklega fyrir og rætt um þær úrbætur sem hægt væri að gera. Ákveðið var að skoða betur móttöku nýnema, þróun námsmats og mat á skólastarfinu. Kjartan Páll benti á að ef til vill mætti skoða samstarf milli kennara á framhaldsskólastigi betur. Stærðfræðikennari hér í skólanum gæti til dæmis átt í samstarfi við stærðfræðikennara í öðrum framhaldsskóla.

Ákveðið var að skólanefnd stæði fyrir markvissri vinnu byggða á skýrslunni og starfsfólk skólans þróa stefnu skólans með tilliti til hennar. Lagt var til að hálfur dagur færi í skipulagða umræðu um ákveðna punkta sem koma fyrir í skýrslunni. Skólanefnd, starfsfólk og fulltrúar nemenda vinni saman að þessari stefnumótunarvinnu. Tillaga um að þessi dagur yrði föstudagur 16. nóvember. Einnig var rædd sú hugmynd að hafa almennan fund um málefni skólans þar sem skýrslan yrði kynnt og reynt að ná sérstaklega til sveitarstjórnarmanna. Gagnlegt fyrir sveitastjórnir að kynnast starfsemi skólans með tilliti til áframhaldandi samstarfs. Tengsl við sveitastjórnir mjög nauðsynleg og þarf að styrkja betur. Tengslin við sveitastjórnir hafa dofnað. Skólinn verður styrkari ef eignarhald er traust. Gott væri að skilgreina betur hagsmunaaðila skólans. Í framhaldi af þessari umræðu var ákveðið að halda opinn fund þriðjudaginn 13. nóvember kl. 20:15. Fundurinn verður opinn öllum íbúum svæðisins en sveitarstjórnarmenn og foreldrar boðaðir sérstaklega.

Á fundinum verður úttektarskýrslan kynnt og síðan verða umræðuhópar um ýmis málefni tengd skýrslunni. Málefni umræðuhópanna verða vel undirbúin fyrirfram. Hvað viljum við fá út úr fundinum? Kjartan Páll, Björg og Guðbjörg undirbúa punktana og bera undir aðra meðlimi skólanefndar fyrirfram þar sem þeir geta komið með athugasemdir og hugmyndir.

Niðurstöður opna fundarins og fundar starfsfólks og skólanefndarmann verða notaðar til frekari stefnumótunarvinnu þar sem bréf til menntamálaráðuneytisins verður lokahnykkurinn. Greinagerð verður send til ráðuneytis fyrir árslok 2007.

Ákveðið hefur verið að nauðsynlegt er að standa í þessari undirbúningsvinnu þrátt fyrir þann kostnað sem af hlýst. Til þess að halda áfram að vera leiðandi og frumleg er þetta nauðsynlegt ef tekið er tillit til harðnandi samkeppni.

## **2. Fjárframlög skólans 2008**

Framlög á hvern nemanda hafa hækkað aðeins á milli ára. Enn virðist þó vanta 7 milljóna króna framlag sem veita átti til Vestfjarðaverkefnisins.

Enn hefur ekki fengist fé til að greiða halla sem varð vegna vanáætlana 2004 frá ráðuneytinu. Erfitt hefur reynst að greiða niður hallann síðan 2004, og ekki hafa nein sérframlög fengist til þess. Ekki er líklegt að takist að greiða upp hallann á þessu ári því ólíklegt er að einhver afgangur verði í rekstri skólans. Launakostnaður töluvert hærri til dæmis sökum ákvæða stofnanasamningsins. Ráðning í þrif auka einnig launakostnað þó svo að það dragi úr heildarkostnaði.

## **3. Viðhorfskönnun**

Samanburður á viðhorfi nemanda frá 2004-2007. Alls svöruðu 134 manns könnuninni árið 2007. Jafnvægi virðist vera á milli ára í viðhorfi nemenda til skólans og starfsemi hans. Áhugi fyrir lokuðum rýmum og hefðbundnum kennsluaðferðum virðist fara dvínandi. Aðferðafræðin virðist vera að vinna sér sess í huga nemenda.

## **4. Önnur mál**

Aukin þrengsli í skólanum og skortur á rýmum má rekja til breyttar samsetningar í aldri nemanda á milli ára 2006-2007. Eldri nemendum fer fækkandi og yngri nemendum fjölgandi. Á aldrinum 16-20 ára voru 147 nemendur haustönn 2006. Árið 2007 eru nemendur á aldrinum 16-20 ára orðnir 171. Fjölgun um 24 nemendur hér í dagsskóla hefur áhrif. Nokkuð hefur borið á kvörtunum frá eldri nemendum skólans yfir plássleysi. Skólinn getur ekki tekið við fleiri nemendum eins og staðan er núna.

Fundi slitið kl. 17:50.

Næsti fundur ákveðinn 4. eða 11. desember. Guðbjörg Aðalbergsdóttir mun boða til fundarins þegar nær dregur.